

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY

2005

Ársskýrsla
Annual Report



Fornleifastofnun Íslands

Stjórn

Adolf Friðriksson

Garðar Guðmundsson

Mjöll Snæsdóttir

Orri Vésteinsson

Gavin Lucas

Forstöðumaður

Adolf Friðriksson



Efnisyfirlit / Contents

Fornleifastofnun 10 ára / The Institute's First Ten Years	4
Starfsemi og skipulag / Organization and Management	6
Rekstarreikningur / Operating Summary	8
Fornleifaskráning / Archaeological Site Survey	9
Uppgreftir / Excavations	
Skálholt	18
Gásir	20
Reykholt	22
Þingminjarannsóknir / Iron Age Assemblies	24
Vatnsfjörður	26
Menningarlandslag í Ísafjarðardjúpi / Vatnsfjörður Landscape	30
Kárahnjúkar	32
Sveigakot	34
Útskálar	37
Þróutóftir	38
Grettislaug	40
Krókdalur	42
Kuml / Iron Age Burials	45
Aðalstræti, Reykjavík	46
Smærri uppgreftir / Small Development led Projects	48
Önnur verkefni / Other Projects	
Forn garðlög í S-Þingeyjarsýslu / A System of Earthworks in NE Iceland	51
Heilsufarssaga Íslendinga / The Palaeopathology of Iceland	53
Forvarsla í Aðalstræti 14-18 / Conservation in Aðalstræti 14-18	55
Cost A27	56
ARCHAEOLOGIA ISLANDICA	58
Fornleifaskólinn / The Field School	61
Starfsfólk / Staff	62
Samstarfsaðilar / Collaborators	68
Helstu viðskiptavinir / Clients and Contractors	68
Listi yfir verkefni 2005 / List of Projects 2005	69
Fundir og fyrirlestrar / Meetings and Lectures 2005	70
Ritaskrá / Publications	72

Fornleifastofnun 10 ára

Sjálfseignarstofnunin Fornleifastofnun Íslands hefur slitið barnsskónum. Sá áratugur sem nú er liðinn frá upphafi starfseminnar hefur verið fljótur að líða í hugum starfsmanna, enda slíkur ys og erill frá fyrsta degi að sjaldan hefur gefist tóm til að líta um öxl og skoða afraksturinn eða hugleiða hvað framtíðin kunni að bera í skauti sér.

FSÍ var stofnuð á blíðviðrisdegi í Reykjavík sumarið 1995 og hefur starfsemi hennar vaxið dag frá degi. Fjöldi ársstarfa hefur vaxið um 28% og velta um 36% árlega að meðaltali frá stofnun. Þessi hraði vöxtur er vitaskuld ánægjulegur en hefur stundum valdið því að stjórnendur og starfsmenn hafa mátt hafa sig alla við, enda miklar og hraðar breytingar í umhverfi rekstrarins og uppbyggingu stofnunarinnar. Þó hafa hin upphaflegu gildi og markmið sem sett voru fyrir tíu árum verið okkur leiðarhnoða sem dugað hefur í fjöri og átökum allan þennan tíma. Markmið starfseminnar voru skilgreind í skipulagsskrá stofnunarinnar, og þar kemur m.a. fram að tilgangur hennar sé að efla rannsóknir og útgáfu, stunda grunnrannsóknir, reka safn rannsóknar-

gagna, veita kennslu, almenna fræðslu og ráðgjöf um rannsóknir og verndun fornleifa, gefa út alþjóðlegt tímarit, og leggja sérstaka áherslu á fornleifaskráningu, fornleifauppgröft, fornivistfræðirannsóknir, þróun aðferða og rannsóknir á landnytjum og menningarsögu.

Allt voru þetta framtíðardraumar, sem þó hafa ræst hver af öðrum: Stofnunin hefur nú lokið fornleifaskráningu í mörgum sveitarfélögum og á að baki rúmlega hundrað skráningarverkefni stór og smá. Stafræna gagnasafnið Ísleif geymir upplýsingar um 70.000 minjastaði, þar af hafa 20.000 verið skoðaðir á vettvangi. Fornleifaskóli FSÍ var stofnaður 1997 og hefur nú brautskráð yfir hundrað nemendur frá 10 þjóðlöndum. Tímaritið ARCHAEOLOGIA ISLANDICA hóf göngu sína 1998, og fjórða hefti þess kom út árið 2005. Skýrslur FSÍ eru komnar á fjórða hundrað þegar þetta er ritað og samkvæmt ritaskrám starfsmanna síðustu ára kemur út nýtt ritverk á u.p.b. 10 daga fresti, árið um kring. Stofnunin hefur um árabil unnið að stórum rannsóknarverkefnum, s.s. uppgrefti á Hofstöðum og Sveigakoti í Mývatnssveit,

The Institute's First Ten Years

Fornleifastofnun Íslands – the Institute of Archaeology in Iceland, has now come of age. To its people, the decade which has elapsed since the day it was established appears to have passed by quickly and the Institute has been such a busy place that there has rarely been a moment to look back and weigh the results or contemplate what may lie in the future.

The FSI was founded on a sunny day in Reykjavík in early summer 1995 and the organisation and its scope have grown and expanded every day since then. Annual employment has increased by 28% each year on average since 1995, and annual turnover by 36%. This rapid growth is indeed a very pleasant state of affairs, but it has from time to time pushed management and staff to the very limit of their working capacity in order to keep up with swift changes in the working environment whilst still developing the structure and administration of the Institute. However, the original mission statement which was put forward ten years ago, has served as a guiding light during the lively, creative and exciting challenges throughout the whole period. The fundamental concept of the

FSI is based on a set of aims and principles which were laid out in the Founding document from 1995. We simply wished to enhance research, teaching, preservation, co-operation and publication in Icelandic archaeology thus hoping to improve both the scientific status and the political environment of archaeology. More specifically, we intended to put a particular emphasis on archaeological surveying, excavation, methodological development, palaeoenvironmental studies, and research into land use and culture history.

These goals, once future ideals, have since, one by one, come to be present realities. The FSI has now completed general surveys over large areas of the country on the basis of more than 100 survey projects. The Ísleif database holds information for over 70.000 archaeological sites. The FSI Fieldschool was set up in 1997 and now over one hundred students from more than 10 countries have completed their training there. The journal, ARCHAEOLOGIA ISLANDICA, was launched in 1998 and the fourth issue was published this year. The FSI reports number more than 300, and the staff list of publications

Í Skálholti, á Gásum, á hinu gamla bæjarstæði Reykjavíkurbæjar, á Þingvöllum og í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Á öllum þessum stöðum hefur stofnunin starfrækt litlar bækistöðvar um sumartímann, en aukin umsvif víða um land hafa kallað á bætta aðstöðu nær rannsóknavettvangi og voru því stofnuð útibú á Akureyri og Ísafirði árið 2003. Í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík eru ágætar skrifstofur og sérhæfð vinnuaðstaða sem og gott safn bóka um fornleifafræði. Sérstök áhersla hefur verið lögð á starfsþróun, og hverjum starfsmanni gefið svigrúm til sjálfstæðra rannsókna og til að bæta þekkingu sína, sérhæfingu og vísindalega hæfni. Hefur þessi stefna borið góðan ávoxt, og stofnunin hefur nú einvala starfslíði á að skipa, sem seint verður fullþakkað fyrir allt það mikla og óeigingjarna starf sem það hefur unnið.

Á þessum tímamótum hefur okkur orðið ljóst að mörgum af okkar djörfu takmörkum hefur þegar verið náð og því ekki seinna vænna að stefna á ný og enn háleitari markmið. Stofnunin nýtur þess nú sem ekki var áður, að geta byggt á

traustum grunni, með þaulvönu og sérþjálfuðu starfsfólki, trausta tekju-stofna, stóran hóp viðskiptavina og velunnara, áreiðanlega samstarfaðila til margra ára og ekki síst gerum við okkur vonir um að stofnunin hafi komið sér upp góðu orðspori fyrir störf sín. Stofnunin er komin í framvarðasveit á sviði fornleifafræði hér á landi. Á næstu tíu árum verður það markmið okkar að stuðla að frekarivextifræðigreinarinnar hér heima, en að auki að efla enn alþjóðlegt samstarf

á sviði rannsókna og fræðslu og keppa að því að auka hlut Íslands í því starfi í fjölbreyttu og síbreytilegu umhverfi nútímaðsinda.

Adolf Friðriksson, forstöðumaður



Höfuðstöðvar Fornleifastofnunar, Bárugötu 3 í Reykjavík.

The Institute's headquarters in Reykjavík.

shows that there is a new piece of written work being published, on average, every 10 days. The Institute has for many years run large-scale excavations, such as at Hofstaðir and Sveigakot in the Mývatn area, in Skálholt, Gásir, Reykjavík, Þingvellir and Vatnsfjörður. At each of these places, we have had operational headquarters over the summer period, but the ever-increasing span and scope of work has called for better facilities and consequently new branches were opened in Ísafjörður in the West and Akureyri in the North in 2003. The FSI's main office in Reykjavík still offers comfortable working conditions including a library which holds one of the finest collections of archaeological literature in the country. From the outset, a particular emphasis has been put on career development, as each member of the team is given enough space for pursuing independent research, improving his or her knowledge, expertise and scientific training. This policy of staff investment has borne fruit and today the Institute enjoys a unique work force who deserve more gratitude for their selfless endeavours and contributions than can be fully expressed.

During this jubilee year we have come to realize that the bold aims laid down in 1995 have already been accomplished, and that now is the time for new challenges. The Institute presently enjoys what it did not have at the beginning - that is, the solid foundations of experienced and highly skilled staff, reliable income, a large group of clients and friends, consistent partners of many years standing, and last but not least, the enviable reputation which the people who work here have gained, thereby earning the Institute its good name. Today, the FSI is at the forefront in Icelandic archaeology. In the next ten years, we wish to continue to promote the growth of archaeology at a national level but also emphasise international co-operation and enhance the role of Iceland in the complex and ever-changing environment of modern science.

Adolf Fridriksson Director

Starfsemi og skipulag

Hlutverk Fornleifastofnunar

Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun og starfar eftir staðfestri skipulagsskrá (Stj.tíð. 1995, B 62-65, nr. 396) samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir nr. 19/1988. Var skráin staðfest af hálfu dómsmálaráðuneytisins þann 7. júlí 1995. Hófst þar með formleg starfsemi stofnunarinnar, en hún tók jafnframt yfir margvíslegt rannsóknarstarf sem unnið hafði verið af aðstandendum hennar allt frá árinu 1989.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla rannsóknir og útgáfustarfsemi á sviði fornleifafræði og skyldra greina. Sérstök áhersla hefur verið lögð á uppbyggingarstarf, og hafa starfsmenn stofnunarinnar komið víða við, s.s. við endurskoðun þjóðminjalaga og endurskipulag þjóðminjavörsu, þróun og umbærut á aðferðafræði við fornleifa-skráningu, uppgröft, umhverfismat og gagnasýslu. Einnig hefur verið lögð áhersla á þátt fornivistfræða við fornleifarannsóknir, og fjölþætt samstarf við innlenda og erlenda aðila. Stofnunin rekur safn rannsóknargagna og upplýsinga um íslenskar fornleifar (ÍSLEIF) og gefur út alþjóðlegt

tímarit um íslenskar fornleifar og skylt efni, Archaeologia Islandica. Stofnunin hefur unnið við margvísleg fræðsluverkefni, veitir námsstyrki og tækifæri til starfsnáms, og á hennar vegum starfar Fornleifaskólinn, sem veitir ungu vísindafólkji þjálfun í vettvangsrannsóknum.

Stjórn

Í stjórn stofnunarinnar sitja: Adolf Friðriksson formaður, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Orri Vésteinsson og Mjöll Snæsdóttir. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu þar sem rætt var um stöðu stofnunarinnar og framtíð. Lagðir voru fram ársreikningar og þeir samþykktir.

Starfslið

Árið 2005 voru 26 starfsmenn í föstu starfsliði Fornleifastofnunar: Adolf Friðriksson, Andrea Harðardóttir, Ágústa Edwald, Colleen Batey, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin M. Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, James Stuart Taylor, Lilja Björk Páls-

Organization and Management

The Role of the Institute

Fornleifastofnun Íslands is an independent charity governed by statutes (Stj.tíð. 1995, B 62-65, nr. 396) in accordance with the Funds and Institutions Act no. 19/1988. The statutes were confirmed by the Ministry of Justice on 7 July 1995. That year, activities started formally; however the FSI took over various research activities run by the founders of the institute since 1989.

The aim of the institute is to increase research and publication in archaeology. Particular emphasis is placed on development and improvement of the working environment of archaeologists in Iceland, such as methodological development, survey, excavation, environmental assessment and data management. The FSI has also emphasised international cooperation. The FSI runs a large database of archaeological sites in Iceland (ÍSLEIF) and publishes an international journal (Archaeologia Islandica). The FSI also runs an international fieldschool every summer.

Board of directors

On the board of directors are: Adolf Friðriksson (Chairman), Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Mjöll Snæsdóttir and Orri Vésteinsson. The Board held three meetings in the year, discussing the current position of the Institute and future development. The annual accounts were presented and accepted.

Staff

In 2005 there were 26 permanent members of staff: Adolf Friðriksson, Andrea Harðardóttir, Ágústa Edwald, Colleen Batey, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin M. Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, James Stuart Taylor, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Ólöf Þorsteinsdóttir, Ragnar Edvardsson, Ruth A. Maher, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirs-dóttir, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir, Ulli Ævarsson and Þóra Pétursdóttir. Ten worked full-time, others part-time.

dóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Ólöf Þorsteinsdóttir, Ragnar Edvardsson, Ruth A. Maher, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirs dóttir, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir, Uggi Ævarsson og Þóra Pétursdóttir. Voru tíu einstaklingar í fullu starfi en aðrir í hlutastörfum.

Auk þeirra unnu við fornleifaskráningu, fornleifaupgröft og önnur verkefni: Adrian Chadwick, Banu Aydinoglugil, Bruno Berson, Astrid Daxböck, Louise Felding, Andrew F. Hall, Anies Hassan, Hákon Jensson, Candice Keziah Hatherley, Hrönn Konráðsdóttir, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Magnús Hallur Jónsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, María I. Reyndal, Karen Milek, Freya Sadarangani, Óskar L. Arnarsson, Óskar G. Sveinbjarnarson Sigrún Inga Garðarsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir. Adolf Friðriksson er forstöðumaður stofnunarinnar. Gavin Lucas er aðstoðarforstöðumaður, Howell Magnus Roberts deildarstjóri uppgraftardeildar, Elín Ósk Hreiðarsdóttir deildarstjóri fornleifaskráningar, Ólöf Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri, Sædís Gunnars-


dóttir framkvæmdastjóri Fornleifastofnunar á Norðurlandi og Andrea Harðadóttir er verkefna-stjóri Fornleifastofnunar á Ísafirði. Alls voru 49 launþegar á árinu, í 18 stöðugildum.

In addition, the following worked short-term on surveys, excavation or other projects: Adrian Chadwick, Banu Aydinoglugil, Bruno Berson, Astrid Daxböck, Louise Felding, Andrew F. Hall, Anies Hassan, Hákon Jensson, Candice Keziah Hatherley, Hrönn Konráðsdóttir, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Magnús Hallur Jónsson, Magnús Á. Sigurgeirsson, María I. Reyndal, Karen Milek, Freya Sadarangani, Óskar L. Arnarsson, Óskar G. Sveinbjarnarson, Sigrún Inga Garðarsdóttir and Sólveig Guðmundsdóttir. The director of the institute is Adolf Friðriksson. Gavin Lucas is assistant director, Howell Magnus Roberts is head of department of excavation, Elín Ósk Hreiðarsdóttir is head of survey, Ólöf Þorsteinsdóttir is head secretary, Colleen Batey is part-time finds manager, Sædís Gunnarsdóttir is manager of Fornleifastofnun in Akureyri, and Andrea Harðadóttir is part-time project manager of Fornleifastofnun in Ísafjörður. In all there were 49 employees on payroll, in 18 posts.

Rekstrarreikningur

	2005	2004	Breyting (%)
Tekjur í þús. Kr.			
Seld þjónusta	33,741	41,042	-18
Aðrar tekjur	53,437	38,523	39
Heildartekjur	87,178	79,565	10
Gjöld í þús. Kr.			
Ársverk	18	18	0
Launagjöld	53,533	47,976	6
Rekstrargjöld	32,121	30,559	19
Fjárfestingar	4,896	1,419	245
Heildargjöld	90,550	79,954	13
Afkoma ársins	-3,372	-389	


Skipting tekna FSÍ 2005



Operating Summary

	2005	2004	Changes (%)
Income in Ikr. 1000			
Contracted services	33,741	41,042	-18
Other income	53,437	38,523	39
Total income	87,178	79,565	10
Expenditure in Ikr. 1000			
Person-years	18	18	0
Staff	53,533	47,976	6
Operational costs	32,121	30,559	19
Investments	4,896	1,419	245
Total Expenditure	90,550	79,954	13
Surplus of income over expenditure	-3,372	-389	

The Institute's income 2005



Fornleifaskráning

Fornleifastofnun Íslands hefur frá árinu 1993 skráð fornleifar viðsvegar um Ísland. Jafnhliða skráningu hefur jafnt og þétt verið unnið að því að bæta skráningarkerfið, geymslu og miðlun gagnanna. Fornleifaskráningu er skipt í svæðis-, aðal- og deiliskráningu.

Svæðisskráning

Við svæðisskráningu eru tekin saman gögn, annarsvegar um þekktar fornleifar og hinsvegar um atriði sem geta gefið vísbendingar um staðsetningu og eðli fornleifa. Á þeim grunni er lagt mat á fjölda, dreifingu og eðli menningarminja á viðkomandi svæði og gerðar tillögur um verndun, nýtingu og frekari athuganir. Yfirlítt er lagt til að heilir hreppar, héruð eða sýslur sameinist um að láta gera svæðisskráningu enda er það hagkvæmasta leiðin til að fá yfirlit um menningarminjar og afla þeirra heimilda sem nauðsynlegar eru við aðalskráningu eða vettvangsvinnu. Niðurstaða svæðisskráningar er annarsvegar skýrsla með heildarmati á menningarminjum á athugunarsvæðinu og hinsvegar gagnagrunnur

yfir allar þær upplýsingar sem safnað hefur verið og aðalskráning verður síðan byggð á.

Aðalskráning

Í aðalskráningu eru fornleifar skráðar á vettvangi. Skráningin byggist á svæðisskráningunni en felst í vettvangsvinnu og miðar fyrst og fremst að því að staðsetja og kortleggja fornleifar. Þá er farið á vettvang, viðtöl tekín við staðkunnuga og gengið á alla minjastaði, þeir skoðaðir og staðsettir á korti. Tóftir eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar. Á grunni þeirra upplýsinga er síðan rituð skýrsla þar sem gerð er grein fyrir sögu mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarminja og gerðar tillögur um verndun og kynningu. Markmið aðalskráningar eru þau sömu og svæðisskráningar en niðurstöður verða mun markvissari á grunni fleiri og nákvæmari gagna.

Deiliskráning

Við deiliskráningu er gerð nákvæmari rannsókn og/eða uppmæling á einstökum minjastöðum á

Archaeological Site Survey

The Institute of Archaeology started archaeological site surveying in 1993. Since that time, the Institute has worked on improving the methods of surveying and the storage and communication of the data.

The Institute of Archaeology approaches site survey in the following three stages that coincide with the three stages of planning work as it is carried out in Iceland: regional, field and intensive surveys.

Regional survey

In a regional survey (svæðisskráning), all available documentary evidence on archaeological sites is assembled and analyzed. A regional survey aims to give a description of known archaeological sites and evaluate the number, types and condition of archaeological sites in the area in question.

The outcome of a regional survey is twofold:

1. A report with a desktop assessment of the archaeological sites in the whole area and suggestions of ways to protect and promote sites in the area as well as further research.

2. A database with all the sites in the area upon which the next field stage of survey will later be built.

Field survey

A field survey expands on a regional survey by visiting all the sites, and making descriptions and illustrations of each.

Before going into the field the surveyors interview local people in the area in order to gather information about sites that are not mentioned in documents. In the field survey all sites are visited and mapped and all the ruins photographed and drawn. A field survey report includes an overview of history of settlement and agriculture in the area as well as a description of the characteristics of the sites in the area. Suggestions are also made about ways to protect and promote especially interesting sites in the area. The aims of field surveying are the same as regional surveys but the results are more focused because they are based on thorough field research.

litlu svæði, t.d. þar sem leggja þarf mat á hvort fjarlægja á fornleifar með uppgrefti eða þar sem nýta á minjastaði fyrir útivist. Ólíkt svæðis- og aðalskráningu fornleifa er ekki gert ráð fyrir að deiliskráning verði gerð á öllum minjastöðum. Deiliskráning er fyrst og fremst gerð þar sem verið er að vinna deiliskipulag.

Markmið deiliskráningar er að fá nákvæma yfirsýn yfir minjar á litlum, afmörkuðum svæðum.


Svæðisskráning 2005

Árið 2005 voru svæðisskráðar um 3500 fornleifar í Ísleifu, gagnagrunn Fornleifastofnunar. Um

svæðisskráningu sáu Andrea Harðardóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Á árinu var unnin svæðisskráning fyrir Helgafellssveit og Seltjarnarnes en auk þeirra var gerð svæðisskráning fyrir eftirtalda bæi í tengslum við minni verkefni:

- Varmadalur á Kjalarnesi
- Eskiholt í Borgarfirði
- Útskálar og hjáleigur í Garði
- Vífilsstaðir og hluti Setbergs í Garðabæ

Í árslok 2005 voru tæplega 70.500 svæðisskráðar fornleifar í gagnagrunni Fornleifastofnunar.



Intensive survey

An intensive survey (deiliskráning) is a more thorough research project, sometimes with more intensive mapping. Unlike regional and field surveys, intensive surveys are conducted when a more thorough analysis is needed to facilitate decisions on land use, such as only those that might become threatened by changing land use – namely as a condition of planning consent where a planning application has already been made. The aim of intensive survey is primarily to obtain an overview which is as complete and precise as possible of all sites in a small, defined area.

Documentary survey 2005

In the year 2005 there were approximately

Aðalskráning 2005

Aðalskráningu á stærri svæðum, s.s. heilum hreppum, er gjarna skipt niður í nokkra áfanga og unnin á nokkrum sumrum. Árið 2005 voru aðalskráðir um 1400 minjastaðir.

Sumarið 2005 var haldið áfram með tvö aðalskráningarverkefni frá fyrri árum, í Hörgárbyggð og í Ólafsfirði og

3,500 sites included in a documentary survey and registered in Isleif, the sites and monuments database of the Institute of Archaeology. The following people conducted documentary survey in 2005 for the Institute: Andrea Harðardóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, and Sædís Gunnarsdóttir.

In the same year a documentary survey was done for Helgafellssveit in SW Iceland and for Seltjarnarnes, a small town to the west of Reykjavík. Besides these, documentary surveys were also conducted on farms and in areas in connection with smaller projects.

- Varmadalur in Kjalarnes SW Iceland
- Eskiholt in Borgarfjörður, SW Iceland
- Útskálar and its tenants farms in Reykjanes SW Iceland
- Vífilsstaðir and Setberg in Garðabær, Reykjavík area

By the end of the year, there were just under 70,500 sites registered in Isleif that had had a documentary survey.

var því síðarnefnda lokið á árinu. Hlé var gert á aðalskráningu fornleifa á Siglufirði en þær er stefnt á að ljúka skráningu sumarið 2006, ári á undan áætlun. Auk þessara verkefna var aðalskráning fornleifa hafin í Kelduneshreppi, í Garðabæ, á Seltjarnarnesi og í Þegjandal. Öllum þessum verkefnum verður lokið á árinu 2006. Auk stærri skráningarverkefna var lokið aðalskráningu fornleifa á Valþjófsstað og Rauðuskiðu. Auk þessa voru skráðar minjar á Stakkhamri á sunnanverðu Snæfellsnesi en verkefnið hlaut styrk úr Fornleifasjóði.


Eftirtaldir unnu að aðalskráningu á árinu: Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson, Rúnar Leifsson, Stefán Ólafsson, Sigríður Þorgeirs dóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Stærstu aðalskráningarverkefni ársins 2005 voru þessi:

Hörgárbyggð

Í ársbyjun 2001 varð sveitarfélagið Hörgárbyggð til úr þremur sveitarfélögum þegar Glæsibærhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur voru sameinaðir. Áður en að sameiningu kom hafði Fornleifastofnun lokið aðalskráningu í Glæsi-

bæjarhreppi en á árunum 2004-2007 verða skráðar þær fornleifar sem eftir standa, í fyrrverandi Öxnadalshreppi og Skriðuhreppi.

Sumarið 2005 var skráður annar áfangi af þremur í Hörgárbyggð. Þá var haldið áfram með skráningu þær sem frá var horfið 2004 og fornleifar skráðar í Hörgárdal, Barkárdal og Myrkárdal ásamt þverdölum. Stefnt var á að ljúka skráningu í öllum afdölum á þessu svæði þá um haustið en sökum snjóþyngsla og vetrarveðra sem dundu yfir Norðurland í september og október varð að fresta hluta af skráningu í botni afdalanna til sumarsins 2006 og verður hún unnin í síðasta áfanga verksins, með Öxnadal. Þrátt fyrir óblíð veður voru samtals skráðar um 320 fornleifar haustið 2005.



Regional survey 2005

Field surveys of large areas such as whole parishes are often divided into several stages and conducted over a few seasons. In the year 2005, there were over 1,400 sites surveyed in the field.

In the summer of 2005 two surveying projects from previous years were continued, Hörgárbyggð and Ólafsfjörður, the latter one being completed. An ongoing survey in Siglufjörður was not carried out in the summer of 2005 since the project was running well ahead of schedule. It is estimated that this project will nonetheless be finished in 2006, a year before its estimated time. In 2005 four new surveying projects were started: in Kelduneshreppur NE, Garðabær SW, Seltjarnarnes SW and Þegjandalur NE. All these projects will be finished in 2006. Smaller field surveys also took place in Valþjófsstaður in the east of Iceland and in Rauðaskriða NE of Iceland. Besides these a field survey was carried out in Stakkhamar to the south of Snæfellsnes but the project was funded by Fornleifasjóður.

The following people were involved in field survey during the year: Ágústa Edwald, Elín Ósk

Kerlingastekkur frá þeim Myrkárdal á köldum haustdegi. Samkvæmt munnmælum áttu kerlingar tvær frá þeim að hafa flogist á í stekknum með þeim afleiðingum að báðar létu lífið. Eiga kerlingarnar að ganga aftur og sjást jafnan í áflogum.

A sheep-fold from the farm Myrkárdalur. According to folklore two women fought here and both died. Their ghosts have sometimes been spotted in the ruin, still fighting.

Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson, Rúnar Leifsson, Stefán Ólafsson, Sigríður Þorgeirs dóttir and Sædís Gunnarsdóttir. The following are the largest field survey projects of the year:

Hörgárbyggð

In the year of 2001 the community Hörgárbyggð was created from the recent amalgamation of three parishes, Glæsibærhreppur, Öxnadalshreppur and Skriðuhreppur. Before these parishes were united the Institute of Archaeology had finished a field survey in one of them, Glæsibærhreppur. Following the creation of the new

Stór hluti þess svæðis sem skráður var sumarið 2005 er eyðibyggð og eins og gjarnan er raunin með eyðibyggðir var hlutfall sýnilegra minjastaða hærri en ella. Sumir af þeim bæjum sem skráðir voru framarlega (innarlega) í dölunum voru byggðir upp á selstöðum sem í góðærum var breytt í heilsársbyggð. Þessa byggð mætti með réttu nefna jaðarbyggð þar sem hún varð oft ekki langæ og þegar illa áraði voru þessir seljabærir á meðal þeirra fyrstu á svæðinu til að leggjast í eyði. Víða á þessum jörðum má enn sjá mikil ummerki um búskap og landnýtingu síðustu alda og var fjöldi tófta skráður af bæjarhúsum, útihúsum, kvíum, stekkjum og seljum auk túngarða, gatna og ýmissa annarra leifa.

Skráningarmenn: Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir

Ólafsfjörður

Seinni áfangi fornleifaskráningar í Ólafsfirði fór fram í apríl og maí 2005. Skráningunni var hald-



Útihústóft skammt frá bœ á Kálfsá í Ólafsfirði.

A ruin in Kálfsá, Ólafsfjörður.

community it was decided to continue the survey in the two remaining parishes. The field survey of Hörgárbyggð started in 2004.

In the summer of 2005 the second part of a three-part survey was carried out. This year the valleys of Hörgárdalur, Barkárdalur and Myrkárdalur were surveyed. The aim had been to finish the survey in all the side-valleys and highland areas in the autumn; however, winter weather and heavy snow in September and October limited the surveyor's capacity. As a result, a part of the inland survey was postponed until the final year of the project. Despite difficult weather condi-

ið áfram þar sem frá var horfið árið á undan, meðfram norðvestanverðum firðinum vestan og innan við Ólafsfjarðarvatn þar sem skráðir voru fjórir bærir (Vermundarstaðir, Bakki, Bakkakot og Hreppsá) og meðfram suðausturhlíð fjarðarins alls (að undanskildum Reykjum sem skráðir voru haustið 2002). Alls voru 11 bærir skráðir í suðausturhlíð fjarðarins: Karlsstaðir, Hóll, Grund, Kálfsá, Kálfsárvík, Lón, Vatnsendi, Hólkot, Burstabrekka, Hornbrekka og Brimnes.

Töluverð snjóþyngsli hömluðu skráningu um vorið og því var skráning á Lágheiðinni geymd fram á sumarmánuði. Samtals leyndust um 230 fornleifar á því svæði í Ólafsfirði sem skráð var vor og sumar 2005.

Jarðirnar sem skráðar voru í seinni áfanganum voru flestar fremur landlitlar enda liggja þær allar við fjallsrætur. Flestar eru þær farnar í eyði nema Kálfsá og Vatnsendi og var því varðveisla minjastaða fremur góð. Íbúðarhúsin á Vermundarstöðum, Karlsstöðum, Hóli, Kálfsá, Lóni, Hólkoti, Burstabrekku og Brimnesi eru notuð sem sumardvalarhús eða sem íbúðarhús og algengt er að fyrrum ábúendur eða afkomendur þeirra nýti húsin.

Skrán.m.: Ágústa Edwald og Sigríður Þorgeirs.

tions approximately 320 sites were surveyed in Hörgárbyggð in the fall of 2005.

A large part of the area surveyed in 2005 was deserted and, as is often the case in such areas, a higher percentage of sites have remained well preserved. Some of the farms surveyed in the innermost parts of the valleys were, in fact, old shielings that, in good years, had been changed from seasonal occupation into all-year-around farms. These settlements are in many ways classic examples of marginal settlement. In bad years, these farms were often the first to be deserted and some of them seem to have had a seasonal occupation throughout the centuries. Many of these farms were among the first in the area to be abandoned in the wake of urban immigration that has taken place in Iceland in the 20th century. Due to "early" abandonment, the condition of archaeology in many of these marginal farms is superb and various types of sites are still visible, such as farm ruins, outhouses, sheep folds, shielings, and home field boundaries.

Surveyors: Elín Ósk Hreiðarsdóttir and Sædís Gunnarsdóttir

Seltjarnarnes

Síðumars 2005 fólu forsvarsmenn umhverfisnefndar Seltjarnarness Fornleifastofnun Íslands svæðis- og aðalskráningu á fornleifum innan marka Seltjarnarnesbæjar. Sveitarfélagið var eitt hið allra fyrsta á landinu sem létt gera fornleifaskráningu, um 1980. Á síðustu 25 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar í minjavernd og fornleifafræði og eru þeir staðlar sem nú gilda í skráningu mun ítarlegri en þau viðmið sem notuð voru um 1980. Því var svo komið að sú skráning þótti ekki lengur fullnægjandi þar sem aðeins höfðu verið skráðir valdir minjastaðir, þeir höfðu ekki verið hnittsettir og upplýsingar um þá voru oft af skornum skammti. Sökum þessa var ákveðið að láta gera nýja skráningu, sem uppfyllti þær kröfur sem nú eru gerðar.

Aðalskráning á Seltjarnarnesi var að mestu unnin á tímabilinu október-desember 2005. Samtals var skráð 321 fornleif á Seltjarnarnesi og með því lokið aðalskráningu á svæðinu.

Eins og vænta má í þéttbýlisskráningu var stórholti þeirra minja sem þekktur er á Seltjarnarnesi horfinn undir veginum, byggingar og annað umrót

sem óhjákvæmilega fylgir þéttbýli. Þrátt fyrir það hefur vitneskja um minjastaði og forna tíð lifað meðal bæjarbúa, enda hafa sömu ættirnar búið þar um aldaraðir.

Best varðveittu fornleifarnar er að finna á vestanverðu Seltjarnarnesi, þar sem svæðið umhverfis Nesstofu er í aðalhlutverki. Einnig má minnast á talsverðar herminjar sem finnast ennþá víða á Nesinu og væri fengur að því að vernda.

Skráningarmenn: Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson

Kelduneshreppur

Sumarið 2005 hófst fyrri aðalskráningarafangi af tveimur í Kelduneshreppi. Skráningin 2005 fór fram í síðari hluta ágústmánaðar og fram í september og voru sex jarðir skráðar á þessu tímabili. Voru þetta jarðirnar Ás, Byrgi, Ingveldar-



Ljóskastarahús frá síðari heimstyrjöldinni á Suðurnesi á Seltjarnarnesi.

A light-house from the Second World War in Seltjarnarnes.

caused the surveying of the heathland in Lágheiði to be delayed into the summer. All together roughly 230 sites were surveyed in Ólafsfjörður in the spring and summer of 2005.

Surveyors: Ágústa Edwald and Sigríður Þorgeirs-dóttir

Seltjarnarnes

The community of Seltjarnarnes was one of the first in Iceland to have a field survey conducted on municipal land in 1980. In the last 25 years, standards of site protection and heritage man-

Ólafsfjörður

In April and May 2005 the second half of surveying in Ólafsfjörður took place. The surveying carried on from where it finished in 2004. This year the northwest of the fjord was surveyed on the western and innermost side of lake Ólafsfjarðarvatn where four farms were surveyed (Vermundastaðir, Bakki, Bakkakot and Hreppsá) and also alongside the southern side of the whole of the valley where 11 farms were surveyed: Karlsstaðir, Hóll, Grund, Kálfsá, Kálfsárkot, Lón, Vatnsendi, Hólkot, Burstabrekka, Hornbrekkar and Brimnes. Most of the farms surveyed in 2005 were rather small and located at the foot of the mountain. The majority of these farms are deserted now except Kálfsá and Vatnsendi. Consequently, the preservation of sites was rather good. A large number of the deserted farms have been abandoned in the last 50 years and it is common for the old inhabitants or their descendants to still own the old farmhouses and use them as summerhouses.

During the survey in the spring of 2005, spring turned into winter and heavy snowfall



Pvergarður á Þegjandadal vestanverðum. Óljóst má greina Stefán Ólafsson skrásetjara sem stendur á garðinum neðarlega.

An ancient wall in Þegjandadalur. Surveyor can be seen as a little dot in the distance.

agement have changed drastically. Consequently, surveying methods have improved tremendously. As a result, the original survey in Seltjarnarnes from 1980 was considered outdated because only a part of the known sites were included, coordinates were not taken at the sites and the information about the sites was often quite limited.

The field survey of Seltjarnarnes was mostly done in the period October to December in 2005 but few sites were surveyed in the beginning of 2006. During that time over 320 sites were surveyed.

As is to be expected in densely populated areas, a large number of known sites in Seltjarnarnes have disappeared because of various developments. Despite this, finding information about sites and locating them turned out to be possible in most instances. The reason was mainly that the knowledge of old sites has lived on with the town's inhabitants as many of the descendants of old families that lived on farms and cottages in the area, still live in the area though in new houses in planned neighbour-

staðir, Krossdalur, Undirveggur og Víkingavatn. Samtals voru skráðir um 170 minjastaðir sem er tæplega helmingur hreppsins en skráningu á því sem eftir stendur verður lokið sumarið 2006.

Svæðið sem skráð var sumarið 2005 var mjög þýft og viði vaxið og höfðu gömul tún víða hlaupið í stórar þúfur sem gerði erfiðara að greina töftir þær sem leitað var. Þrátt fyrir það var varðveisla fornleifa, og þá sér í lagi gamalla býla, afar góð. Á svæðinu var óvenjumikið um heillegar rústir býla og aðrar minjaþyrpingar.

Skráningarmenn: Oddgeir Hansson og Stefán Ólafsson

Þegjandadalur

Lengi hefur verið áhugi á því meðal Þingeyinga sem og hjá fræðimönnum að kanna þær fornleifar sem er að finna á Þegjandadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Sumarið 2005 hóf Fornlefastofnun Íslands rannsókn á dalnum í samstarfi við Hið þingeyiska fornleifafélag. Var verkið unnið með framlagi frá Aðaldælahreppi.

Þegjandadalur er á milli tveggja gjöfulla dala, austan hans er Laxárdalur en vestan Aðaldalur.

hoods.

The best preserved archaeology in Seltjarnarnes is to be found in the western part of the peninsula. The area around the settlement farm, Nes, has a key role since it holds remains reaching back to settlement age and the town has not yet expanded into that area. Besides these remains it is worth mentioning "modern sites" such as buildings connected to the fishing industry (some of those, built out of turf/stone were rebuilt well into the 20th century) and impressive military remains from the American and British army from the middle of 20th century.

Surveyors: Elín Ósk Hreiðarsdóttir and Rúnar Leifsson.

Kelduneshreppur

In the summer of 2005 the first half of a project in Kelduneshreppur NE Iceland, was started. The surveying was done in the latter half of August and into September. During this period six farms were surveyed: Ás, Byrgi, Ingvaldarstaðir, Krossdalur, Undirveggur and Víkingavatn. Approximately 170 sites were surveyed which is a little


Það sem helst einkennir Þegjandadal er hin mikla og forna eyðibyggð sem þar er að finna. Samkvæmt heimildum fór dalurinn í eyði á 15. öld og talið er að hann hafi verið í eyði síðan þá. Dalurinn hefur þó ætíð verið notaður til beitar og á honum er að finna talsvert af yngri mannvirkjum sem tengjast útbeit.

Skráningin í Þegjandadal fór fram í júlí. Hafist var handa í dalnum vestanverðum og haldið inn eftir dalnum. Samtals voru skráðar tæplega 150 fornleifar sem flestar eru flestar frá þeim tíma er blómleg byggð var á dalnum. Fyrstu rannsóknir á dalnum leiddu í ljós umfangsmiklar búsetuminjar frá miðöldum sem ótrúlega lítið hefur verið raskað á síðustu öldum og áratugum, þrátt fyrir að dalurinn hafi ætíð verið nýttur sem upprekstrarland af bændum í nærsvitum allt frá því hann fór í eyði. Þar er m.a. að finna reisulega bæjarhóla, fjöldann allan af útihúsatóftum, margfalda vallargarða og margra kílómetra langt kerfi garðlaga sem hefur markað landareignir og girt af beitarland frá heimalandi. Auk þessa eru heillegar leifar bænhúss og kirkjugarðs á tveimur bæjum í dalnum vestanverðum og var sá ytri

rannsakaður sumarið 2005.

Ljóst er að dalurinn hefur að geyma mikilvægar upplýsingar um búsetulandslag á miðöldum enda sjaldgæft að finna svo heillegar minjar frá þessu skeiði.

Skráningarmenn: Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Stefán Ólafsson.



Rústir á Stakkhamri úr lofti.

Ruins in Stakkhamar seen from the air.

less than half of the sites estimated in the area.

In the area there are a good number of farm ruins and various other clusters of ruins. The characteristic vegetation in the area surveyed in 2005 comprised hummocks and heavy shrubbery which often caused it to be difficult to identify old and sunken ruins. Despite these difficult vegetation conditions, the preservation of ruins, especially of old farms, turned out to be good. The main characteristics of the landscape in Kelduneshverfi are deep fissures and lava fields and within the area is Ásbyrgi, one of the most popular tourist attractions of Iceland.

Surveyors: Oddgeir Hansson and Stefán Ólafsson.

Stakkhamar

In late summer of 2005, a field survey was carried out around two farms in Eyja- and Miklaholtshreppur, Stakkhamar and Borgarholt. The project was supported by Fornleifasjóður. The main area of interest is a site, which is assumed to have been either a spring assembly or a trading place, if not both, named Búðarhamar and

three farm sites which were abandoned around the same time as Búðarhamar. The trading/spring assembly site is very well preserved and offers many possibilities for archaeological research. The farm sites are called Skallastaðir, Brekka and Langanes. Farm mounds were found both at Brekka and Skallastaðir but the place name Langanes has been lost. An attempt was made to locate it based on place name evidence and a likely mound was surveyed but further research needs to be conducted in order to see if it is the correct place. Other interesting sites that were found include a fishing booth and an alleged cemetery in Borgarholt.

Surveyor: Sædís Gunnarsdóttir.

Þegjandadalur

Þegjandadalur in NE Iceland is an abandoned valley that scholars as well as locals have long been curious about. Until the summer of 2005 very little research had been undertaken in the area but written sources as well as test trenching indicated that the valley might have been abandoned before the 15th century. In the summer

Stakkhamar

Á útmánuðum 2005 veitti Fornleifasjóður styrk til að vinna fornleifaskráningu að Stakkhamri á Snæfellsnesi. Vettvangsvinna fór fram í lok ágúst. Allar fornleifar voru skráðar á jörðunum Stakkhamri og Borgarholti, alls 63 minjastaðir. Minjar á Búðahamri í landi Stakkhamars, þar sem meintur kaup-/þingstaður var, eru enn mjög greinilegar (sjá meðfylgjandi loftmynd). Allar þessar tóftir voru skráðar, teiknaðar og ljósmyndaðar. Staðurinn er áhugaverður til rannsókna, sérstaklega væri fróðlegt að bera saman byggingar þar annarsvegar við nýlegar rannsóknir á kaupstöðum og hinsvegar við þingstaðarannsókn sem nú stendur yfir.

Sérstök áhersla var lögð á að staðsetja þrjú bærstæði, Skallastaði, Brekku og Langanes þar sem vitað var að þau voru í byggð á miðöldum, en voru yfirgefin á svipuðum tíma og talið er að hætt hafi verið að nota Búðahamar. Örnefnin Brekka og Skallastaðir eru enn þekkt og eru minjar á báðum stöðum sem voru skráðar en þyrti að aldursgreina. Engin veit hvar bærinn Langanes var. Bærstæðisins var leitað með

hlíðsjón af lýsingum örnefnaskrár og fannst rústarlegur hóll sem gæti verið bærstæði Langaness. Af öðrum merkum minjastöðum sem fornleifaskráning leiddi í ljós má nefna verbúðaminjar í landi Stakkhamars sem eru að blása upp og standa þar fiskbein og hleðslur út úr rofabakka og verða brátt horfin sjónum. Þessum minjum þyrti að huga að og vernda. Einnig er meintur kirkjugarður í landi Borgarholts.

Skráningarmaður: Sædís Gunnarsdóttir

Í árslok 2005 hafði Fornleifastofnun alls skráð um 20.000 fornleifar á vettvangi.

Deiliskráning 2005

Grafir var upp þrískipt tóft og önnur stakstæð. Í þeim mátti greina tvö megin notkunarskeið ásamt smávægilegum endurbyggingum. Gólfögur inni í tóftunum benda til að notkun hafi verið árstíðabundin. Aldursgreining á gjóskulögum bendir til að téttirnar hafi verið í notkun milli 950 og 1070. Tvær af byggingunum voru íveruhús með eldstæðum og gólfögum, sú þriðja líklega af geymsluherbergi en sú staka ekki eiginlegt hús heldur skepnuaðhald eða kvíar. Allar téttirnar voru hlaðnar úr torfi eingöngu en í

Excavation at Pálstóftir in Kárahnjúkar

Project Management: Garðar Guðmundsson

Field Director: Gavin Lucas.

Field Team: Adrian Chadwick, Anies Hassan, Banu Aydinoglugil, Kirsty Dingwall, Óskar Sveinbjarnarson, Sigríður Þorgeirsdóttir and Stefán Ólafsson.

In late summer of 2005, total excavation of a site named Pálstóftir (after its discoverer) in Jökulsá á Brú in Norður-Múlasýsla was conducted by Fornleifastofnun Íslands on behalf of Landsvirkjun. The site lies high at c. 580 m above sea level but within an area to be submerged after completion of a hydroelectric dam (Háslón) being constructed to supply power for a new aluminium smelting factory in Reyðarfjörður. The ruins have been suggested to be the site of Reykjasel mentioned in Hrafnkelsaga because of their location, but there is no specific documentary or place name evidence associated with the ruins and any association to the site of Reykjasel (even if it actually existed) is speculative. The objective of this project was to exca-

vate completely the ruins and associated features to recover as much information as possible about the site before it was submerged, including the duration of its occupation, what it was used for and what activities were conducted there.

During the excavation four structures were uncovered, three of which were adjoining, and two main phases of occupation were identified with further sub-phases relating to minor modifications. There is nothing to suggest any hiatus between the phases, although the general nature of the floor deposits inside the main structures does indicate seasonal occupation. Absolute dating from the tephra sequence indicates the site was used between c. AD 950 and 1070. Of the four structures, two were dwellings with hearths and floor layers, the third a small storage room and the fourth, an animal pen. All the structures were built from turf and the two dwellings would have had timber frames supporting a roof. There was also an extensive sheet

íveruhúsunum hafa verið timburstoðir sem báru uppi þak. Þunn ruslalög, aska og úrgangur, voru vestan við tóftirnar í smáhalla og þaðan komu flestir gripirnir sem fundust við rannsóknina. Þeir voru fremur fáir en á meðal þeirra helstu má nefna nokkra gripi úr steini, glerperlu, tvær myntir, brot úr deiglu og nokkur óskilgreind málmbrot. Lítið safn dýrabeina úr uppgreftinum samanstóð að mestu úr beinum úr villtum

fuglum og kindabeinum. Greining á gripum og öðrum fundum stendur enn yfir en af fyrilliggjandi upplýsingum að dæma bendir flest til að tóftirnar séu af seli.



Pálstóftir meðan á uppgreftri stóð.

View of the site under excavation, looking east.

midden fanning out west and down slope from the buildings, from which most of the artifacts were recovered. The finds were few, but included many worked stone flakes, a glass bead, two coins, part of a crucible as well as other small fragments of metal. A small faunal assemblage comprised mostly wild fowl but also sheep. Analysis of all the material is ongoing but a preliminary interpretation suggests this was a seasonally occupied shieling.

Fornleifaupgröftur í Sveigakoti

Verkefnistjóri: Orri Vésteinsson.

Uppgraftarstjórar: Orri Vésteinsson, Przemysław Urbanczyk.

Starfsmenn við uppröft: Guðrún Finnsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Mogens Høegsberg, Orri Vésteinsson, Maciek Trzeciecki, Uggi Ævarsson, Przemysław Urbanczyk, Robert Zukowski.

Umsjón með úrvinnslu gagna: Colleen E. Batey, Guðrún Alda Gísladóttir.

Samstarfsaðilar: Hunter College (CUNY), NABO, Polish Academy of Sciences (Institute of Archaeology and Ethnography), Univ. of Edinburgh, Háskóli Íslands, Univ. of Stirling.

Á Sveigakoti í Mývatnssveit hafa rannsóknir á smábýli frá 9.-12. öld staðið yfir frá 1999.

Rannsóknirnar á Sveigakoti eru hluti af stærra rannsóknarverkefni, Landnámi og menningarlandslagi, og hafa notið stuðnings NABO. Til viðbótar við fornleifaupgröftinn hafa verið gerðar rannsóknir á umhverfi staðarins af vísindamönnum frá háskólunum í Edinborg og Stirling.

Rannsóknin er styrt af Rannís, bæði í gegnum verkefnið Landnám og menningarlandslag og með sérstökum styrk en auk þess leggja samstarfsaðilar sitt af mörkum.

Á fyrrri árum höfðu tvö byggingarstig lítil skála verið grafin upp. Það fyrra er frá seinni hluta 10. aldar en það síðara entist til loka 12. aldar. Öskuhaugur frá 10. öld hafði einnig verið grafinn upp en í honum var mikið af gripum og dýrabeinum og rannsóknir höfðu hafist á nokkrum jarðhúsum frá elsta stigi byggðar á staðnum, seinni hluta 9. aldar og fyrri hluta þeirrar 10. Árið 2005 beindust rannsóknirnar að þessum elstu mannvirkjaleifum á staðnum, en þær eru allar undir gjóskulagi frá miðri 10. öld.

Meðal þeirra var aflöng bygging sem komið hafði í ljós 2004. Í henni er grjótlögn eftir miðju húsinu endilöngu og er hún talin vera fjós. Allmögur mannvistarlög voru fjarlægð og koma þau öll heim og saman við þessa túlkun. Hið meinta fjós er 11 m langt og gæti hafa hýst 12 eða fleiri nautgripri. Frá þessari byggingu liggja

Excavation in Sveigakot

Project Manager: Orri Vésteinsson.

Directors: Orri Vésteinsson, Przemysław Urbanczyk

Field Team: Guðrún Finnsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Mogens Høegsberg, Orri Vésteinsson, Maciek Trzeciecki, Uggi Ævarsson, Przemysław Urbanczyk, Robert Zukowski.

Post-excavation team: Colleen E. Batey, Guðrún Alda Gísladóttir.

Collaborators: Hunter College (CUNY), NABO, Polish Academy of Sciences (Institute of Archaeology and Ethnography), Univ. of Edinburgh, Univ. of Iceland, Univ. of Stirling.

At Sveigakot in Mývatnssveit, excavations of a 9th-12th century settlement have been ongoing since 1999. The Sveigakot excavations form a part of the Landscapes of settlement project and are run with the invaluable support of NABO. The excavations have been augmented by environmental research, carried out by the Universities of Edinburgh and Stirling. The project has been funded by Rannís through the Landscapes of settlement project, as well as through a sepa-

rate grant, and through the contributions of the participating institutions.

In previous seasons two phases of a small hall had been excavated, the earlier dated to the late 10th century and the later going into disuse in the late 12th century. A 10th century sheet midden rich in animal bone and artefacts had also been excavated and investigations had started on a number of small sunken featured buildings belonging to the earliest phase of occupation at the site, the late 9th and early 10th centuries. In 2005 excavations concentrated on this earliest phase, predating a tephra horizon dated to the mid 10th century.

The buildings investigated include an elongated building which had come to light in the previous season. It has a paved trough along the middle and is interpreted as a byre. A number of occupation layers were removed, all of them consistent with this interpretation. This possible byre is 11 m long and could have housed a dozen or more heads of cattle. Associated with this building were two pavements, one leading

tvær stéttir, önnur niður brekku frá meintum aðaldyrum fjóssins á vesturgaflinum, og hin frá hliðardyrum á suðurhlið en hún tengir fjósið við aðrar byggingar á staðnum. Yfirborðslög höfðu myndast á stéttunum og í kringum þær en þær virðast engu að síður hafa verið undir beru lofti. Haldið var áfram að grafa í jarðhús á miðju bæjarstæðinu og voru allmög gólfloeg fjarlægð

og með þeim nokkur eldstæði sem höfðu verið færð til í tímans rás. Jarðhúsið er 5×4 m að innanmáli og á því greinilegur inngangur. Það hefur verið mannabústaður um langa hríð en undir lokin var því breytt í búr eða skemmu því að stórum sá var þá komið fyrir í gólfí þess.

Á suðurenda bæjarstæðisins var uppgrefti lokið á öðru jarðhúsi. Það er líka túlkað sem



Horft yfir uppgraftarsvæðið í Sveigakoti. Myndin er tekin úr myndavél sem var fest neðan í flugdreka. Robert Zukowski.

A view over the excavation in Sveigakot. The picture is taken with a camera fixed to a kite. Robert Zukowski.

downslope from what seems to have been the main entrance on the western gable, and another extending from a side entrance and connecting this building with others on the site. Both pavements had surface layers associated with them but seem nevertheless to be open-air features.

Excavation continued of a sunken featured building in the middle of the site, removing a series of floor layers with several hearths which had been moved about the interior. This building, measuring 5×4 m with a very clear entranceway, seems to have been a dwelling, oc-

cupied for a considerable period of time, but ended its days as a pantry when a large vat was sunk into its floor.

At the southern end of the site excavation of another sunken featured building was completed. This one was also a dwelling and had also had a long history of occupation, attested to by thick accumulations of floor layers and several relocations of the hearth. This building is believed to be later in the sequence than the previously mentioned SFB, and to have been in occupation during the middle of the 10th century. The last remnants of the sheet midden were re-

mannabústaður sem var í notkun um langa hríð. Í því voru mörg og þykk gólfloß og eldstæði sem höfðu verið færð til oftar en einu sinni. Þetta jarðhús er yngra en hið fyrr nefnda og gæti hafa verið í notkun um miðja 10. öld.

Síðustu leifar öskuhaugsins voru fjarlægðar við austurmörk bæjarstæðisins en undir þeim var komið niður á byggingu sem samanstendur af stórra ferkantaðri gryfju með flór í öðrum helmingnum og allþykku gólfagni sem teygir sig til norðurs frá gryfjunni. Samanlagt er þessi bygging 7×4 m að stærð. Allmargir áhugaverðir gripir fundust þetta árið, flestir úr öskuhaugnum, og eru þar á meðal lykill úr járni, alur og klömbur úr beini. Athygli vekur að sárafáir gripir hafa fundist í elstu lögunum á Sveigakot, þrátt fyrir umtalsverð mannvirkjaleifa.

Eins og hin fyrr ár var staðið fyrir umfangsmikilli sýnatöku og voru sýni tekin úr öllum gólf- og yfirborðslögum á 50 sm fresti, bæði til fleytingar og fyrir efnagreiningar. Einnig var tekinn fjöldi örformgerðarsýna. Yfirborðslög voru hreinsuð af jöðrum bæjarstæðisins og svæðum inni á því þar sem ekki hafði verið grafið áður til

að ganga úr skugga um hvort þar leyndust frekari mannvirkjaleifar. Ekkert nýtt fannst annað en einkennilega byggingin á austurjaðri bæjarstæðisins. Með þessu hefur loksins náðst að skilgreina umfang mannvirkjaleifa á Sveigakoti en 2006 er markmiðið að rannsaka fjósið, jarðhúsið í miðju bæjarstæðisins og einkennilegu bygginguna og ljúka með því þessum uppgrefti á einu af elstu þekktu bæjarstæðum á Íslandi.

moved at the eastern edges of the site where work started on a building complex that consists of a large rectangular pit with a stone bench or pavement filling half of it and a substantial floor layer extending northwards from this pit. The complex measures 7×4 m.

A number of interesting artefacts were retrieved this year, mainly from the sheet midden, including an iron key, a spoon drill and bone vice, but very few artefacts have so far been retrieved from the early phases of the site, despite relatively large volumes of occupation layers. As in previous years the excavation involved an intensive sampling regime, with all occupation layers sampled on a 50 cm grid for both flotation and chemical analysis. A number of micro-morphological samples was also taken.

Topsoil was cleared off the edges of the site and areas within it which had not been targeted for excavation before. Apart from the eastern complex under the midden no new features were found. The extent of the archaeological remains at Sveigakot has therefore been defined. In 2006 the aim is to complete the excavation of the byre, the central SFB and the eastern complex, thereby completing the investigation

of one of Iceland's earliest settlements.

Fornleifaupgröftur á Útskálum

Uppgraftarstjóri: Guðrún Alda Gísladóttir.

Starfsmenn við uppgröft: Lilja Pálsdóttir, Howell M. Roberts og Hildur Gestsdóttir Einnig komu að verkinu: Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Rúnar Leifsson og Sigríður Þorgeirsd.

Í kjölfar deiliskráningar og fornleifakönnunar að Útskálum í Garði á Reykjanesskaga var ráðist í uppgröft á litlum fleti á bæjarhólnum. Til stendur að reisa stærri viðbyggingu við norðurhlið gamla prestsetursins en þar var fyrir og því fyrirsjáanlegt að bæjarhólnum yrði raskað. Að uppgreftinum stóð Menningarsetur að Útskálum ehf. Uppgraftarsvæðið var u.þ.b. 25m² að stærð og markaði húsið norðurhlið þess. Uppgröftur hófst í september og lauk í desember. Þau mannvistarlag sem grafin voru reyndust um 3 metra þykk og var þá ekki fullgrafið niður í óhreyft. Í stuttu máli voru grafin upp þrjú byggingarskeið; yngst var þró og leifar húss sem í fannst trétunna og kvarnarsteinn. Þá tóku við u.þ.b. 1 metra þykk mannvistarlag sem voru uppsafnaður úrgangur og sorp frá bænum (aðallega dýrabein og viðarleifar). Þessi lög höfðu safnast í dæld sem í ljós kom

að var samanfallið hús, líklega frá 12. öld. Yfir því lá svokallað miðaldalag frá 1226 og syrpa af gjóskulögum frá 12. öld. Varðveisla lífrænna leifa var með ólíkindum góð og lá árefti og innviðir þar sem það hafði fallið og stoðir sáust enn í stoðarholunum. Fáir gripir fundust við rannsóknina en þó á.m. var þó útskorinn kambur úr beini frá 12. öld. Svipaðir kambar hafa fundist í Noregi og eru tímasettir á bilinu frá 11. til 13. aldar.



Hús frá 12. öld á Útskálum. Varðveisla lífrænna leifa var mjög góð og hér sjást innréttningar og innviðir liggja á gólfí hússins.

House from 12. century at Útskálar. Preservation was remarkably good.


Excavation at Útskálar

Field director: Guðrún Alda Gísladóttir

Main field team: Lilja Pálsdóttir, Howell M. Roberts and Hildur Gestsdóttir. Other field team members: Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Rúnar Leifsson and Sigríður Þorgeirsdóttir.

After initial field survey and archeological assessment was conducted at Útskálar in Garður, an excavation took place on the farm-mound. The work was done at the request of Menningarsetur að Útskálum ehf who had planned to begin construction of a small extension which was to be added to the north side of an apartment house on the farm mound. The excavation took place from September through December. The excavation area was c. 25 m² and the north side of the area was limited by the farmhouse. Three occupation phases were excavated. The first phase included a drain and a house which had a wooden barrel and a quern stone in it. The second phase consisted of 1 m of black earth, or-

ganic remains from acidity from the farm house (mostly animal bones and wood remains). Those organic deposits were in a depression which was a collapsed house. Phase 3 was a house which was sealed by tephra layers from the 12th century. The preservation was remarkably good at the site, a lot of roof timber and interior timber



Kambur úr beini frá Útskálum. Frá 12. öld.

12th century bone comb from Útskálar.

was present as well as posts still standing in postholes. Few finds were recovered at the site but amongst those was a decorated bone comb from the 12th century. Similar combs of late Norse type have been found in Norway, dated to the 11th – 13th centuries.

Fornleifaupgröftur á Þórutóftum á Laugafellsöræfum

Uppgraftarstjórar: Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson.

Starfsmenn við uppgröft: Gavin Lucas og Uggi Ævarsson.

Á útmánuðum 2004 veitti Fornleifasjóður Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Orra Vésteinssyni styrk til að gera könnunarskurð í svokallaðar Þórutóftir á Laugafellsöræfum. Samkvæmt munnmælum eiga Þórutóftir hafa verið bústaður Þórunnar ríku og fylgiliðs hennar og átti hún að hafa flúið til Laugafells með „hyski sitt“ meðan svarti dauði geisaði. Tóftirnar voru athugaðar við fornleifa-skráningu sumarið 1996 og töldust þá í töluverðri hættu vegna uppblásturs. Markmið með rannsókninni 2005 var að meta þá hættu sem tóftinni og nánasta umhverfi hennar var búin sökum uppblásturs og gera tilraun til að áætla aldur tóftarinnar og hlutverk.

Við uppgröftinn var hreinsuð upp sú hlið tóftarinnar sem skemmt hafði í uppblæstri auk þess sem borkjarnasýni voru tekin á allri gróðurtorfunni með jöfnu millibili. Við rannsóknina

fannst ekki sem bent til samfelldrar mannvistar né umsvifamikillar árstíðabundinnar búsetu. Niðurstöður uppgraftar voru þær að mannvirkið hefði verið gert með því að stinga upp úr náttúrulegri dæld, og dýpka hana þannig. Þessi staður hefur því líklegast verið notaður sem tjaldstæði, varla nema um næturskeið og ekki oftar en nokkrum sinnum. Tóftin var komin úr notkun fyrir 1477. Ummerkin koma vel heim og saman við að þarna hafi menn átt náttstað við og við á miðoldum, mögulega vegna grasatínslu eða ferðalaga landshluta á milli. Frá því að tóftin var skráð 1996 hefur gróður náð sér talsvert á strik á svæðinu og er tóftin því úr mestri hættu.

Excavation at Þórutóftir in Laugafellsöræfi

Field Directors: Elín Ósk Hreiðarsdóttir and Orri Vésteinsson.

Field team: Gavin Lucas and Uggi Ævarsson.

In the spring of 2004, Fornleifasjóður funded a field evaluation of a site called Þórutóftir in Laugafellsöræfi in the highlands. According to folklore, Þórutóftir is the site where Þórunn the Rich fled during the Black Death. The site was surveyed in the summer of 1996 and considered to be in great danger due to erosion. The aim of the evaluation was to assess the age, function, extent and preservation of the site.

For the evaluation, a section was cut along the edge of the site and systematic coring conducted over the entire area. During the investigation, nothing was found indicating either continuous or seasonal occupation, and the only trace of activity was the excavation of a hollow, pre-dating the 1477 tephra. The conclusion is that this place was, at best, used as a camp site and probably only on few occasions, possibly in relation to cross country travels or for travellers collecting herbs/grasses. The site is currently in good condition with a stable coverage of vegetation.



Snið hreinsað upp á þórutóftum.

Cleaning a section at Þórutóftir.

Grettislaug

Uppgraftarstjóri: Guðrún Alda Gísladóttir.

Starfsmenn við uppgröft: Bruno Berson, Howell M. Roberts, James Taylor, Oddgeir Hansson og Petra Moesslein.

Að beiðni Ferðamálfélags Dalasýslu og Reykhólahrepps fór fram fornleifarannsókn á Reykhólum í júní 2005. Á undanförnum misserum hefur áhugi vaknað hjá heimamönnum á að gera minjum á svæðinu hærra undir höfði. Er það liður í verkefni um menningartengdra ferðaþjónustu sem er í burðarliðnum á svæðinu. Suðaustan undir hólnum á Reykhólum, þar sem bærinn og kirkjan standa, voru svokallaðir Suðurhverir. Þeir þornuðu upp þegar borað var fyrir heitu vatni á 8. áratugnum. Þar er að finna leifar mannvirkis sem þekkt hefur verið undir nafninu Grettislaug svo lengi sem elstu menn muna, en örnefnið varð að líkindum til á 19. öld. Ýmsar heimildir eru um baðlaug á Reykhólum, sú elsta í Grettis sögu sem talin er rituð um 1300, en á að lýsa atburðum sem gerðust á öndverðri 11.

öld. Grettislaug var friðlýst af þjóðminjaverði árið 1928 en notuð sem þvottastaður langt fram eftir 20. öld.

Eftir að svæðið hafði verið opnað komu í ljós hleðslur og við blasti síðasta notkunarstig laugarinnar. Svo er að sjá að Grettislaug sé gerð í náttúrulegri dæld og því auðvelt að veita vatni í þróna úr hver sem þarna er ofan við, en þróin hefur augljóslega verið dýpkuð og mótuð. Mjög þunn jarðlög eru á staðnum, einungis örfáir sentimetrar niður á klöpp og þar sem mannvirkið var í notkun um langa hríð er ljóst að bleyta og eðja sem fylgir sífellið vatnsstreymi og umgangi manna og dýra hafa séð til þess að lítill jarðvegur náði að safnast upp í kringum laugina. Þróna sem nú er sýnileg eftir uppgröftinn má að líkindum í meginatriðum rekja til þess að lauginni var breytt á 19. öld en ljóst er að einnig hafa orðið breytingar á mannvirkinu á 20. öld. Þeir gripir sem fundust við rannsóknina eru flestir frá 20. öld, hlutir sem hafa fokið eða rúllað niður í dældina, s.s. glerflöskur, leirkersbrot, plastbrúsar

Grettislaug

Field director: Guðrún Alda Gísladóttir.


Field team: Bruno Berson, Howell M. Roberts, James Taylor, Oddgeir Hansson and Petra Moesslein.

On the behalf of the Tourist Board of the District of Dalasýsla and County of Reykhólahreppur in the District of Austur-Barðastrandasýsla an archaeological investigation was carried out in the town of Reykhólar in Austur-Barðastrandasýsla. The investigated area is known as Grettislaug (Grettir's pool). It is a stone-lined structure (a cistern) which holds water from a pure, natural hot spring situated nearby. Drilling for hot water during the 1980's caused this hot spring to dry-up. The pool is positioned southeast of the old farm mound of Reykhólar, where the church stands today. The place name is not considered to be older than the 19th century wherein it is supposedly linked to the famous outlaw, Grettir, who used Reykhólar as a hideaway one winter in the early 11th century. Grettir's saga (one of the

old Icelandic sagas, believed to have been written circa AD 1300) mentions an incident in which Grettir was bathing in this pool. Since 1928, Grettislaug has been on the list of protected archaeological sites; however it was used as a washing place at least until the mid-20th century.

After opening the area, it became clear the latest phase of Grettislaug was still present. It seems as though the pool is located in a natural bowl but modified by people. Very thin deposits were found in the pool area, only a few centimeters deep. More than likely, this is due to the long-term use and traffic by people and animals and the wet environment made it impossible for deposits to build-up. The structure now visible, can probably be traced to the 19th century when sources indicate that it was reduced. It is also clear from photographs that some changes were made during the 20th century. The artefacts chiefly represent 20th century activity, e.g. glass bottles, pottery fragments, plastic bot-

og fataleifar svo eitthvað sé nefnt. Í heild má draga þá ályktun varðandi Grettislaug og heitar laugar yfirleitt, að áður hafi víða verið gerðar einfaldar ráðstafanir til að safna heitu vatni úr hverum í hvers konar, náttúrulegar dældir sem breytt hefur verið í hentuga baðstaði með hleðslum og þróm. Vandinn við laugarannsóknir er ekki síst sá að fátt er þar sem gefur vísbendingar um aldur þeirra, auk þess sem laugarnar hafa væntanlega oft verið lengi í notkun, í raun meðan þær voru nýtanlegar. Þótt laugarnar hafi flestar verið einföld og lítil mannvirki eru þær engu að síður merkur þáttur íslenskrar menningsarsögu, mikilvægir samkomustaðir líkt og heitir pottar eru enn í dag. Nú liggr umgjörð og lögun Grettislaugar fyrir og er því mögulegt að endurvekja laugina og sögustaðinn.



Grettislaug eftir uppgröft í júní 2005.

Grettislaug under excavation in June 2005.

tles and clothing remains.

It is fair to conclude that Grettislaug – and hot pools in general – were simple constructions. The water is distributed in a natural hollow but the shape of the pools are often reshaped or formed. Some kind of a stone cistern was often made but also turf walls were used to block the water. The main difficulty regarding the research of these pools is the dating. This type of structure has usually been in use for a long time - in fact as long as it is useable. Although pools are usually simple and small structures, they represent a great part of Icelandic cultural history as popular and often important meeting places.



Grettislaug eftir uppgröft og frágang í mars 2006.

Grettislaug after excavation in March 2006.

Könnunaruppgreftir í Krókdal

Verkefnisstjóri: Orri Vésteinsson.

Starfsmenn við uppgröft: Seth Brewington, Mike J. Church, Thomas H. McGovern, Orri Vésteinsson, Raymond Petit, Konrad Smiarowski, Maciek Trzecieck, Przemysław Urbanczyk, Robert Zukowski.

Úrvinnsla uppgraftargagna og greining dýrabeina: Seth Brewington, Ramona Harrison, Peter Kuchar, Thomas H. McGovern.

Samstarfsaðilar: Hunter College (City University New York), NABO, Pólska vísindaakademían (Institute of Archaeology and Ethnography), Háskólinn í Durham, Háskóli Íslands.

Kródalur nefnist efti hluti dalsins sem Skjálfandafljót rennur um, frá Kiðagili og norður að Hrafnabjörgum en þar neðan við byrjar Bárðardalur. Kródalur hefur verið í eyði um aldir en frá lokum 19. aldar hafa fundist þar ýmiskonar fornminjar, bæði rústir og gripir og eru allmargir gripir úr dalnum geymdir á þjóðminjasafninu. Í rústum undir Sandmúla fannst siltursjóður frá

víkingaöld árið 1909, einn fjögurra sem fundist hafa á Íslandi.

Árið 2004 var gerð fornleifaskráning á dalnum, sem er milli 70 til 100 km frá sjó og er dalbotninn að mestu yfir 400 m yfir sjávarmáli. Allmargir minjastaðir fundust, þar á meðal þrjú möguleg bærstæði frá tímum elstu byggðar í landinu. Aðeins einum þessara staða fylgir bæjarnafn, Helgastöðum, en hinir, undir Bálabrekku og undir Sandmúla, eru kenndir við næstu kennileiti. Eitt bærstæði í viðbót er Hafurstaðir en engar rústir hafa fundist þar enn sem komið er. Athugun á ritheimildum bentil til að dalurinn hefði verið kominn í eyði fyrir löngu á 13. öld og að hann hafi á seinni oldum fyrst og fremst verið notaður sem sumarbeitiland. Hugsanlega hefur kolagerð og járnvinnsla einnig verið stunduð þar. Dalurinn er nú að stærstum hluta örfoka og sárafáar grónar jarðvegstorfur eftir. Örnefni og ritheimildir benda þó til að dalurinn hafi áður fyrr verið gróinn að meira eða minna leyti og að þar hafi verið umtalsvert skóglendi.

Excavation in Krókdalur

Project Manager: Orri Vésteinsson.

Field Team: Seth Brewington, Mike J. Church, Thomas H. McGovern, Orri Vésteinsson, Raymond Petit, Konrad Smiarowski, Maciek Trzecieck, Przemysław Urbanczyk, Robert Zukowski.

Post-excavation team (zooarchaeology): Seth Brewington, Ramona Harrison, Peter Kuchar, Thomas H. McGovern.

Collaborators: Hunter College (CUNY), NABO, Polish Academy of Sciences (Institute of Archaeology and Ethnography), Univ. of Durham, Univ. of Iceland.

Skjálfandafljót is one of Iceland's longest rivers, draining the ice cap Vatnajökull in the south and running northwards to the sea in Skjálfandi, close to Húsavík. Along the lower reaches of the river are the relatively densely settled rural areas of Kaldakinn and Bárðardalur, but the upper reaches, Kródalur, have been deserted for centuries. Archaeological remains have been reported in this area from the late 19th century, both ruins and artefacts, many of which are kept in

the National Museum in Reykjavík. In one of these sites, undir Sandmúla, a silver hoard of a Viking age date was found in 1909, one of only four known in Iceland.

In 2004 a field survey was carried out in the valley, which lies mostly above 400 m.a.s.l., between 70 and 100 km from the sea. A number of sites were identified, among them three possible farm sites of a very early date. Only one of them, Helgastaðir, has a historic name, the others, undir Sandmúla and undir Bálabrekku, are identified by reference to nearby landmarks. A fourth possible site, Hafurstaðir, is known but no archaeological remains have been identified there yet. A study of historical evidence suggested that the area had been abandoned before the 13th century and had been used primarily for summer grazing and possibly charcoal making and iron processing in later times. The area is now largely denuded with only small patches of original soil and vegetation remaining. Historical evidence and place names suggest, however, that it was much more extensively

Sumarið 2005 voru bæjarstæðin þrjú könnuð nánar með minniháttar uppgrefti. Markmiðið með rannsóknunum var fyrst og fremst að kanna ástand þeirra mannvistarleifa sem eftir kynnu að vera, og heimta dýrabein og gripi sem gætu nýst til að ákvarða aldur og hlutverk minjanna.

Bæjarstæðin undir Sandmúla og undir Bálabrekku eru bæði örfoka og aðeins steinahrúgur eftir sem vitna um forna byggð. Undir Bálabrekku eru alls engin mannvistarlög eftir en reytingur af beinum og eitt brýni voru tínd upp af yfirborði. Beinin eru úr nautgripum, sauðfé, geitum og hestum. Þrjár byggingar voru skráðar, þar á meðal ein með báshellum sem hefur verið fjós, en í henni er einnig hrúga af kljásteinum sem bendir til að þar hafi verið vefstaður. Á þessum stað eru einnig skýr ummerki um rauðablástur.

Undir Sandmúla hefur talsvert af gripum fundist í áranna rás og þar eru byggingaleifar talsvert umfangsmeiri en undir Bálabrekku. Þar eru merki um fjórar byggingar og mikil dreif af brenndum beinum vakti vonir um að

vegetated in the past, including substantial tracts of birch forest.

In 2005 the three possible farm sites were targeted for limited excavation. The aim was primarily to establish the state of preservation of any remaining archaeological deposits and to retrieve bones and artefacts that could help in establishing the date and function of these sites.

The sites undir Sandmúla and undir Bálabrekku are both completely denuded, with all top-soil removed and piles of stones representing the only structural remains. At undir Bálabrekku no archaeological deposits were left. A small surface collection of bones includes cattle, sheep, goat and horse and a single whetstone was found. Three distinct structures were mapped, one of them clearly a byre – indicated by a number of slabs used to separate the stalls – but this also had a pile of loom-weights at one end, suggesting that weaving took place at this site. The site also has extensive evidence of iron-smelting.

þar gæti verið að finna óskemmdan öskuhaug. Það mátti þó ekki tæpara standa því að aðeins örþunnt skæni var eftir af haugnum og var það grafið upp í heild sinni og fékkst úr því allstórt beinasafn. Í því eru bein úr nautgripum, svínum, sauðfé, hestum og laxfiski, einnig skeljar af skelfiski. Nokkrir gripir fundust einnig.

Helgastaðir er eina bæjarstæðið á dalnum sem ekki hefur orðið upplæstri að bráð. Þar sjást mannvirkjaleifar á 30 m kafla í rofabarði, og sást einnig að þær ná um 10 m inn í barðið. Í sniðinu sést bæði hleðslutorf og öskuhaugur og er hvorttveggja á milli gjóskulaganna V~950 og H-1104/58 sem bendir til að Helgastaðir hafi verið í byggð á seinni hluta víkingaaldar. Vettvangs-



Przemyslaw Urbanczyk og Maciek Trzecieck hreinsa snið á Helgastöðum á Krókdal. Skjálfandafljót í baksýn.

Przemyslaw Urbanczyk and Maciek Trzecieck cleaning a section at Helgastaðir in Krókdalur. Skjálfandi river in the background.

At undir Sandmúla – where a large number of artefacts have been found in the course of the last century – the structural remains were more extensive, with at least four distinct buildings, and a large scatter of burnt bone indicated that a midden could still be intact. This proved to be only just so with a very thin lens of undisturbed midden remaining. This was excavated in its entirety, producing a significant amount of bone, including cattle, pig, sheep, horse, salmonid fish and clam. A small number of non-diagnostic artefacts were also retrieved.

rannsókn á Helgastöðum takmarkaðist við að hreinsa og teikna sniðið og aðeins örfá dýrabein voru tínd af yfirborði en þau benda til að á Helgastöðum hafi einnig verið heilsársbyggð eins og á hinum stöðunum tveimur. Frekari rannsóknir eru fyrirhugaðar á Krókdal á næstu árum.

Helgastaðir is the only one of the three sites which is not denuded. Here archaeological deposits are visible in a 30 m long erosion face, extending at least 10 m in the other direction. Both structural remains and midden deposits are visible, all sandwiched between tephra layers tentatively identified as the V~950 and H-1104/58, suggesting a late Viking age date for this site. Fieldwork at this site was limited to cleaning and recording the section and only a handful of animal bones were retrieved, suggesting that this site was like the other two a fully functional farm.

More work is planned in Krókdalur in the future.

Kumlarannsóknir

Á síðustu árum hafa flestallir þeir staðir þar sem heiðnar grafir hafa fundist verið athugaðir á vettvangi og skráðar staðarlýsingar. Árið 2005 voru gerðar nýjar athuganir: Hjá hýbýlinu Lyngbrekku í Reykjadal, skammt frá Gömlu-Daðastöðum, fundust leifar kumls á Daðastaðaleiti sumarið 2004. Í ár voru grafin upp kuml manns og hests. Þar á leitinu eru mjög sennilega fleiri grafir. Við fornleifaskráningu 2003 fann Elín Ósk Hreiðarsdóttir, fornleifafræðingur, óvennjulegar þústir á Reiðmel, í landi Y-Kálfskinns í Eyjafirði við gamla leið og nærrí merkjum. Gerð var rannsókn á þústunum 2005 og fundust tvö mannskuml og hrosskuml hjá hvoru þeirra. Í Berufirði á Barðaströnd var grafið í tvö kuml í landi Hríshóls, en þau reyndust tóm og hefur verið átt við þau áður.

Öll þessi kuml hafa verið rofin í fyrndinni og lítið eftir af þeim, en staðsetning þeirra samræmist nýjum kenningum um að fólk í heiðni hafi verið heytg skammt frá leiðum og landamerkjum eða nærrí bæjum. Rannsóknum verður haldið áfram árið 2006.



Uppgröftur á kumlum í landi Kálfskinns, Eyjafirði.

Excavating a heathen grave in Kálfskinn, Eyjafjörður.

Iron Age Burials

In the past few years almost all of the known pagan burial sites in Iceland have been revisited and relevant topographical details recorded. In 2005, small test excavations were carried out at a few known and suspected burial sites. At Lyngbrekka (Gömlu-Daðastaðir) in Reykjadalur, NE-Iceland, one pagan grave was excavated, and there may be more uncovered graves at that location. In Kálfskinn in Eyjafjörður, N-Iceland, two burials were uncovered during excavation at Reiðmelur, by an old track and near to the farm boundaries. In Berufjörður, NW-Iceland, two burials were re-excavated at the well-known burial site in Hríshóll. Both were empty and had undoubtedly been plundered.

All of these burials had already been disturbed. In 2006, the investigation of burial sites in Iceland will continue.



Hrosskuml á Kálfskinni.

A horse grave in Kálfskinn.

Fornleifauppgröftur í Aðalstræti 10, Reykjavík

Uppgraftarstjórar: Howell M. Roberts og Mjöll Snæsdóttir.

Starfsmenn við uppgröft: Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Óskar Leifur Arnarsson, Óskar Gísli Sveinbjörnsson, Ruth A. Maher og Sigríður Þorgeirsdóttir.

Vegna endurbyggingar og viðgerða á húsinu Aðalstræti 10 og frekari framkvæmda á lóð þess gerði Fornleifastofnun Íslands rannsókn skv. beiðni Minjasafns Reykjavíkur. Rannsóknin skiptist í tvennt, 21. jan. og 2. feb. var kannað svæði vestan við húsið, 12,6 x 10,8 m. Grafnir voru fimm könnunarskurðir til að komast að því hvort fornleifar væru á þessu svæði. Engar vísbendingar fundust um að minjar frá víkingaöld eða miðöldum væru á þessari lóð. Ekki fundust heldur ummerki frá tíma Innréttninganna á 18. öld, nema múnsteinsbrot og brot úr þakflísum sem eru líklega úr því húsi sem enn stendur. Allt reyndist svæðið mikið raskað vegna bygginga-

framkvæmda á 20. öld.

Vegna endurbyggingar á húsinu Aðalstræti 10, sem talið er reist upp úr miðri 18. öld, fór fram rannsókn innandyra dagana 11. ágúst – 9. september 2005. Þá var fylgst með gröfuvinnu á lóðinni í lok nóvember og fram í byrjun desember.

Við rannsóknina innandyra komu fram undirstöður undan gólfí húss þess sem nú stendur. Þar mátti sjá raðir steina sem komið hafði verið fyrir undir bitum sem báru uppi gólf, og voru þær fimm eða sex talsins. Undir þeim voru allþykkt mannvístarlög, einkum var það móaska sem borin hafði verið út úr eldstæðum. Undirstöður undan eldstæði sunnarlega í húsinu voru ekki fjarlægðar. Mannvístarlögin má tilmasetja til 18. aldar með hliðsjón af brotum úr leirilátum og tóbakspíum. Ekki varð vart ummerkjum nein umsvif manna á staðnum fyrir þann tíma. Á nálægum lóðum hafði áður orðið vart við minjar frá víkingaöld og miðöldum, væntanlega frá Reykjavíkurbænum forna. Á lóðinni norðan

Excavation in Aðalstræti 10, Reykjavík

*Directors: Howell M. Roberts, Mjöll Snæsdóttir.
Field team: Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Inga Hlín Valdimarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Óskar Leifur Arnarsson, Óskar Gísli Sveinbjörnsson, Ruth A. Maher and Sigríður Þorgeirsdóttir.*

As a result of the rebuilding and reparation on the lot located at Aðalstræti 10, the FSÍ undertook some investigations on behalf of the Municipal Museum of Reykjavík. The work was conducted in two stages, on January 21st and February 2nd, five trial trenches measuring 12.6 x 10.8 m were dug in the area west of the building. There were no indications of Viking age or Medieval remains to be seen. Also, there were no remains from the 18th century, when wool factories were in the area, with the exception of some fragments of brick and slate shingles, probably from the present building. The entire area seemed to be disturbed by construction during the 20th century.

Due to the fact that the house at Aðalstræti 10 was supposed to have been built soon after the mid-18th century, an excavation was conducted within the structure between August 11 and September 9, 2005. Also, machine work on the lot during late-November to early-December was closely monitored.

During the excavation, 5 - 6 rows of stones upon which floor timbers had rested were revealed. Under these rows, there were relatively thick cultural layers, mainly made of peat ash from fireplaces. The foundation of a fireplace in the southern part of the house was left in place. The cultural layers can be dated to the 18th century, mainly from pottery and clay-pipe fragments. No traces could be seen of earlier human activities at the site.

In several nearby lots, Viking age and medieval remains had previously been observed, presumably belonging to the site of the old Reykjavík farm. An excavation at the lot to the north, Aðalstræti 8, in 1987 did not turn up any-

við, Aðalstræti 8, norðan Bröttugötu, var gerð rannsókn 1987 en þar fundust ekki eldri minjar en frá 19. öld. Hins vegar höfðu athuganir á lóðinni sunnan við, Aðalstræti 12, leitt í ljós mannvirki bæði frá landnámsöld og síðari tímum. Niðurstöður rannsóknar í Aðalstræti 10 má því telja til marks um að þar sé komið norður fyrir bæjarstæði Reykjavíkurbærjarsins gamla, en hús frá honum hafa fundist allt suður fyrir Vonarstræti.



Steinaraðir undir gólfí í Aðalstræti 10.

Rows of stone beneath floor in Aðalstræti 10.

thing older than the 19th century. On the lot to the south, Aðalstræti 12, there had been observed building remains from the settlement period and later.

Smærri uppgreftir

Árið 2005 festi Fornleifastofnun Íslands sig enn í sessi sem leiðandi þjónustuaðili fyrir fornleifa-kannanir og björgunaruppgrefti, þ.e. uppgrefti sem þurfa að fara fram lögum samkvæmt vegna skipulags og framkvæmda. Stærstir voru uppgreftirnar á Hálsi við Kárahnjúka og í Aðalstræti sem fjallað er um annarsstaðar í skýrslunni. Að auki fóru fram nokkrir litlir uppgreftir að beiðni ýmissa viðskiptavina.

Laugarnes, Reykjavík

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda Gatnamála-stjóra Reykjavíkur við Sæbraut á móts við bæjarstæði og kirkjugarð í Laugarnesi í Reykjavík, þótti



Sigríður Þorgeirsdóttir í könnunarskurði við jaðar kirkjugarðs í Laugarnesi.

Sigríður Þorgeirsdóttir in a test trench at a cemetery in Laugarnes, Reykjavík.

During 2005, the Institute has continued to develop its role as a leading provider of services for the development, planning and construction sector. In addition to major development led excavations, (at Kárahnjúkar and Aðalstræti, Reykjavík) numerous planning led field survey projects and environmental impact assessments were also undertaken. The Institute carried out a number of small evaluation projects for both small and large clients.

Laugarnes, Reykjavík

Archaeological assessments were carried out in Laugarnes, 5th-8th April 2005 due to proposed roadworks to the south and east of the cemetery and farm mound in Laugarnes, both of which

nauðsynlegt að gera forkönnun til þess að meta umfang og ástand fornleifa sem þar kunna að leynast. Það svæði sem er í mestri hættu vegna framkvæmda er sunnan og austan við kirkjugarðinn í Laugarnesi, beggja vegna Sæbrautar. Bæði bæjarstæðið og kirkjugarðurinn eru friðlýstar fornminjar. Dagana 5.-8. apríl 2005 voru vélgrafnir 5 könnunarskurðir sunnan og suð-austan við kirkjugarðinn, bæði norðan- og sunnanmegin við Sæbraut. Engin mannvirk komu í ljós, en í öllum skurðunum voru mannvistarlög sem hafði mikið verið raskað af ýmsum lögnum, sérstaklega milli kirkjugarðsins og Sæbrautar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að nauðsynlegt væri að fornleifafræðingur væri viðstaddir þegar jarðrask færi fram á svæðinu vegna framkvæmda.

Starfsmenn: Hildur Gestsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir.

Smaller development led projects

